

15

Kakerlaken

Suppe/Soppa/Súpa

Grænmetisþjöld:



Höfundur: Jaques Zeimet
 Hönnun: Rolf Vogt
 Myndskreyting: Rolf Vogt
 Ritstjóri: Thorsten Gimmler
 Höfundarréttur: DREI MAGIER SPIELE
 by Schmidt Spiele GmbH

Kakkalakkasötursþjöld:



Leikmenn: 2–6
 Aldur: 6 ára og eldri
 Leiktími: 10–20 mínútur

Innihald

- 112 grænmetisþjöld (chili, gulrót, púrra og sveppur)
- 16 kakkalakkasötursþjöld (með kakkalökkum, fjögur af hverri grænmetistegund)
- Leikreglur

SÖTRAÐU
 ÞIG TIL
 SIGURS!

Hugmynd og markmið spilsins

Leikmenn elda súpu eins fljótt og þeir geta með því að losa sig við grænmetisspjöld til skiptis. Um leið og þeir spila út spjöldum verða þeir að lýsa viðkomandi grænmeti eins fljótt og „rétt“ og þeir geta, eða sötra á viðeigandi stöðum.

Sá sem er fyrstur til að losa sig við öll spjöldin á hendi vinnur.

Undirbúningur

Öll 128 spjöldin eru stokkuð vel og þeim skipt jafnt á milli leikmanna. Afgangsspjöld eru lögð til hliðar. Leikmenn setja spjöldin **á hvolf** í bunka fyrir framan sig og eru svo tilbúnir í leikinn!

Spilið sjálf

Yngsti leikmaðurinn byrjar. Leiftursnöggt snýr hann við efsta spjaldinu í bunkanum sínum og leggur það í bunka á borðið. Á sama tíma segir hann upphátt og **án þess að hika** hvaða grænmeti er á spjaldinu:

chili, gulrót, púrra eða sveppur.

Spilið heldur svo áfram réttisælis. Í hverri umferð snýr leikmaður efsta spjaldinu sínu við, setur það í bunkann á borðinu og segir upphátt „grænmetistegundina“ með eftirfarandi reglum:

1. Sannleikurinn

Leikmenn eiga oftast að segja sannleikann, sem þýðir að þeir þurfa að segja rétt nafn á grænmetinu sem kemur upp!

Gætið ykkar!

Það má **ekki** segja sömu grænmetistegund og kom upp síðast og það má heldur ekki segja það sama og síðasti leikmaður sagði. Í þessum tilvikum verða leikmenn **alltaf** að segja einhverja aðra grænmetistegund (en mega ekki sötra, sjá lið 2, Kakkalakkasöturspjald).

Dæmi: Leikmaður leggur niður svepp en segir þúrra (vegna þess að þúrra er síðasta spjaldið sem kom upp, eða vegna þess að leikmaðurinn sem átti leik á undan sagði sveppur).

2. Kakkalakkasöturspjald (KSS)

Það eru fjögur spjöld af hverri grænmetistegund sem sýna kakkalakkasötra súpu. Ef leikmaður leggur niður kakkalakkasöturspjald (KSS) verður hann að sötra. Á meðan KSS er í borðinu má ekki nefna viðkomandi grænmetistegund þegar hún kemur upp. Þess í stað verður að sötra.

Gætið ykkar!

Það má ekki sötra tvisvar í röð þó viðkomandi grænmeti eða nýtt söturspjald komi upp. Ef síðasti leikmaður sötraði og næsti leikmaður ætti að gera slíkt hið sama skal hann segja „mmm“ í stað þess að sötra.

Þetta hljóð má þó ekki heldur endurtaka og þar af leiðandi verður að segja „mmm“ á eftir sötri og sötra á eftir „mmm“...

Þegar KSS er lagt niður er skipt um bunka, þannig að söturspjaldið verður áfram sýnilegt. Næstu spjöld eru lögð niður í annan bunka þangað til að nýtt KSS kemur upp. Þá er skipt aftur yfir í fyrri bunkann.

Auðvitað á aðeins að sötra í staðinn fyrir grænmetið sem er á kakkalakkasöturspjaldinu sem er sýnilegt í borðinu.

Athugið: Þegar skipt er á milli bunka eru alltaf tvö KSS sýnileg og þar af leiðandi þarf að sötra ef önnur hvor grænmetistegundin kemur upp (að því gefnu að þær eru mismunandi)!

Mistök:

Öll röng orð, öll ahhhh, öll ohhhhhhh, allt hik sem tekur meira en 3 sekúndur teljast vera mistök! Ef leikmaður gerir mistök, verður hann að taka upp **öll spjöldin sem hafa verið lögð út** og byrjar svo á nýrri umferð.

Leikslök og sigurvegari

Sá leikmaður sem er fyrstur til að losa sig við bunkann sinn vinnur!

Dæmi:

1. Afi leggur niður svepp og segir sveppur.
2. Matti leggur niður svepp og segir chili (vegna þess að það má ekki segja sveppur tvisvar sinnum í röð).

3. Axel leggur niður chili og segir þúrra (vegna þess að síðasti leikmaður sagði chili).
4. Mamma leggur niður gulrótar-KSS og sötrar.
5. Afí skiptir um bunka, leggur niður gulrót og segir mmm (vegna þess að síðasti leikmaður sötraði).
6. Matti leggur niður sveppa-KSS og sötrar (vegna þess að það á að sötra á eftir mmm).
7. Axel skiptir um bunka, leggur niður gulrót og segir mmm (vegna þess að það er gulrótar-KSS í borðinu og síðasti leikmaður sötraði).
8. Mamma leggur niður gulrót og segir þúrra (vegna þess að gulrót er síðasta spjaldið sem var lagt niður og það er sveppa-KSS í borðinu, hún hefði líka mátt segja chili).
9. Afí leggur niður þúrru og segir chili (vegna þess að síðasti leikmaður sagði þúrra).
10. Matti leggur niður svepp og segir sveppur. Þetta er rangt (vegna þess að það er sveppa-KSS sýnilegt í borðinu!). Hann hefði átt á sötra og þarf núna að taka upp öll spjöldin úr báðum bunkunum.

Tilbrigði fyrir hina óseðjandi:

Spilað er samkvæmt ofangreindum reglum. Engu að síður þá má segja önnur orð í hverri umferð: gorkúla í staðinn fyrir svepp, blaðlaukur í staðinn fyrir þúrru, eldþipar í staðinn fyrir chili, en gulrót er alltaf gulrót!

Súpan hefur verið borin á borð!

Verði ykkur að góðu!